



SKÓLA- OG
FRÍSTUNDASVIÐ
REYKJAVÍKUR

INNTRITUN BARNNA Í GRUNNSKÓLA OFTAR EN EINU SINNI Á ÁRI



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skýrsla starfshóps í apríl 2015

Efnisyfirlit

Sviðsmyndir	2
Störf hópsins.....	3
Skólaskylda í 37 Evrópulöndum.....	7
Kostir og gallar sviðsmynda	8
1. Innritun í grunnskóla tvisvar á ári.....	8
2. Innritun í grunnskóla við 6 ára afmæli	11
3. Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu innan árs frá 6 ára afmæli	12
4. Val foreldra	13
5. Árgangaskil verði færð til.....	14
6. Leikskólabörn byrji á frístundaheimili í júní eða strax eftir sumarleyfi	15
Tafla yfir sviðsmyndir	17
Ritaskrá.....	23
Fylgiskjöl	25
Fylgiskjal 1 - Erindisbréf starfshóps	25
Fylgiskjal 2 - Greinargerð skóla- og frístundaráðs	26
Fylgiskjal 3 - Tengsl fæðingarmánaða og niðurstöðu í Pisa 2012.....	28
Fylgiskjal 4 - Tillaga leikskólastjóra í Miðborg/Hlíðum.	31
Fylgiskjal 4 - Minnisblað um sumarfrístund.....	32
Fylgiskjal 5 - Kostnaðarmat úr fyrri útgáfu skýrslunnar.....	36

Sviðsmyndir

Starfshópur um innritun barna í grunnskóla oftast einu sinni á ári setur fram sex sviðsmyndir um það á hvern hátt haga mætti inntöku barna í grunnskóla með öðrum hætti en nú er gert.

Þessar sviðsmyndir eru:

1. Innritun í grunnskóla tvisvar á ári

Börn fædd frá 1. janúar - 30. júní hefji grunnskólagöngu í janúar það ár sem þau verða 6 ára en börn fædd 1. júlí – 31. desember hefji grunnskólagöngu í ágúst það ár sem þau verða 6 ára.

2. Innritun í grunnskóla við 6 ára afmæli

Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu við 6 ára afmæli sitt. Börn fædd í júní, júlí og ágúst hefji grunnskólagöngu í ágúst.

3. Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu innan árs frá 6 ára afmæli

Innritun barna verði einu sinni á ári en foreldrar hafi val á milli tveggja ára eftir því hvenær ársins barnið er fætt.

Dæmi:

- Barn A er fætt í febrúar 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort barnið hæfi grunnskólagöngu í ágúst 2014 eða í ágúst 2015.
- Barn B er fætt í nóvember 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort grunnskólaganga barnsins hæfist í ágúst 2015 eða í ágúst 2016.

4. Val foreldra

Leikskólabörn geti byrjað í grunnskóla á mismunandi tímum árs þegar foreldrar og leikskólakennarar telja að þau séu tilbúin til þess t.d. við sex ára afmælisdaginn. Þau geta þá einnig verið lengur í leikskólanum ef talið er að það þjóni hagsmunum þeirra betur, að mati foreldra og kennara.

5. Árgangaskil færð til

Árgangaskil miðist ekki við áramót heldur önnur mánaðarmót á árinu t.d. september/október. Í hverjum bekk væru þá börn fædd á tveimur almanaksárum og ekki væri augljóst ef barn er ári á eftir jafnöldrum eða ári á undan.

6. Leikskólabörn byrji á frístundaheimili í júní eða strax eftir sumarleyfi

Störf hópsins

Samþykkt var, á 67. fundi skóla- og frístundaráðs í október 2014, að skipa starfshóp um innritun barna í grunnskóla oftari en einu sinni á ári. Hópurinn tók til starfa í janúar 2015.

Markmið hópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að leggja mat á kosti þess og galla, jafnt faglega sem fjárhagslega, að börn verði innrituð í grunnskóla oftari en einu sinni á ári.

Helstu verkefni hópsins voru að:

1. Meta fagleg áhrif breytinganna á starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og áhrif á leik, nám og velferð leik- og grunnskólabarna.
2. Skoða kosti og galla hugmyndarinnar út frá fjármálum, húsnæðismálum og starfsmannamálum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.
3. Leggja fram nokkrar útfærðar sviðsmyndir sem taka til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Í starfshópnum sátu:

Hildur Skarphéðinsdóttir, fulltrúi leikskólahluta fagskrifstofu SFS og formaður hópsins

Ásta Bjarney Elíasdóttir, fulltrúi grunnskólastjóra

Bryndís Jónsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Elín Þóra Böðvarsdóttir, fulltrúi frístundamiðstöðva

Jane Appleton, fulltrúi Foreldrafélags leikskólabarna í Reykjavík

Nanna K. Christiansen, fulltrúi grunnskólahluta fagskrifstofu SFS

Steingerður Kristjánsdóttir, fulltrúi frístundahluta fagskrifstofu SFS

Þórunn Gyða Björnsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra.

Starfsmaður hópsins var Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir.

Hópurinn fundaði sex sinnum á tímabilinu janúar til mars 2015. Á fundum hópsins komu fram þau sjónarmið að mikilvægt væri að skólakerfið gæti mætt fjölbreyttum hópi barna og hverju barni þar sem það væri stött í námi og þroska. Þau sjónarmið komu sterkt fram að vinna þyrfti að aukinni einstaklingsmiðun og samfelli á milli skólastiga.

Mikil umræða varð um hugsanlegan þroskamun á milli elstu og yngstu barna innan árgangs og möguleika þeirra sem fædd eru seint á árinu til að standa jafnfætis hinum bæði í námi og íþrótta- og tómstundastarfi. Bent var á samantekt Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar hjá KSÍ á fylgni landsliðsþátttöku í knattspyrnu og þess að einstaklingar væru fæddir snemma á árinu. En þar kemur fram að leikmenn fæddir seint á árinu séu valdir hlutfallslega sjaldnar í öll landslið KSÍ (sjá nánar í ritaskrá).

Jafnframt fjallaði hópurinn um göng frá Almari Miðvík Halldórssyni hjá Námsmatsstofnun þar sem tekin voru saman tengsl fæðingarmánaða 15 ára nemenda og niðurstaðna PISA í lesskilningi, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi, árið 2012. Niðurstaða þeirrar samantektar er sú að fyrir þá færni sem OECD leggur áherslu á, að sé lykilfærni við lok grunnskóla og metin er með PISA prófinu, skipti engu mælanlegu máli fyrir nemendur hér á landi hvenær á árinu þeir eru fæddir. Helst var að lesskilningur þeirra sem fæddir eru seinna á árinu sé aðeins betri en þeirra sem fæddir eru fyrr (sjá fylgiskjal 3).

Gestir hópsins

Starfshópurinn kallaði til sín sex gesti til ráðgjafar. Þeir voru: Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnisstjóri fagskrifstofu SFS, Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri Kvistaborg, Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla, Hrefna Birna Björnsdóttir, kennari í Veturbæjarskóla og Dr. Jóhanna Einarsdóttir forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Þrír gestanna höfðu reynslu af mismunandi fyrirkomulagi grunnskólabyrjunar frá Bandaríkjunum, Belgíu, Hollandi, og Lúxemborg, auk þess sem tveir fulltrúar starfshópsins höfðu reynslu frá Ástralíu og Bretlandi.

Hrefna Birna Björnsdóttir sagði frá reynslu sinni af starfi í Montessori-skóla í Hollandi þar sem börnin byrjuðu í kringum afmælisdaginn sinn. Börn mega byrja í skóla 4 ára en skólaskylda er frá 5 ára aldri og þau börn, sem ekki eru þegar byrjuð, byrja í mánuðinum eftir 5 ára afmælið. Raunin var að þau voru að tínast inn eftir að þau urðu 4 ára. Foreldrar hafa mánuð frá 5 ára afmæli til að láta barnið byrja. Skólaskylda í Hollandi er frá 5 ára til 17 ára. Flest barnanna koma úr Montessori-leikskólanum og færast svo upp í grunnskólann. Haustið var oft notað til að láta börnin byrja í grunnskólanum og þá komu þau fá inn í einu. Ekki er talað um árganga heldur hópa. Hópur 1, hópur 2, o.s.frv. Það eru þrír árgangar og 30 börn í hópi og einn kennari með aðstoð. Frístundastarf er eftir skóla fyrir öll börn en í öðru rými en í húsnæði skólans og frístundastarfið er ekki aldurskipt með sama hætti og skólinn. Meginkostirnir við þetta kerfi var, að mati þess sem kynnti, árgangablöndunin og einstaklingsmiðað nám.

Guðrún Edda Bentsdóttir sagði frá reynslu sinni af starfi í Bank Street-skóla í New York þar sem 5 ára börnin eru hluti af grunnskólanum og byrja öll saman að hausti. Starfið í fimm ára bekkjunum valt mikið á kennaranum en námið var blanda af hefðbundnu bóklegu námi og námsaðferðum leikskólans. Hver kennari er með um 25 börn en aðstoð var einnig til staðar meira og minna allan daginn. Unnið er með tvo árganga saman allt frá 2 ára aldri. Mikið er um stöðluð próf og barn sem ekki nær viðmiðum 5 ára fer aftur í 5 ára bekkinn. Það skipti ekki máli hvort barn hafði farið í 5 ára bekk annars staðar ef matið gaf til kynna að það ætti frekar heima í 4-5 ára hópnum var það niðurstaðan og á sama hátt voru þau færð í 6 ára bekkinn ef matið gaf þá niðurstöðu.

Guðrún Gunnarsdóttir kom á fund hópsins og sagði frá reynslu sinni af skólabyrjun í Lúxemborg og Belgíu þar sem börnin byrjuðu 4 ára í K1 og K2 (1. og 2. bekk) og skólaárið og árgangaskiptin miðuðust við 1. september þ.e. öll börn sem voru orðin 4 ára 1. september byrjuðu þá en ekki þau sem urðu 4 ára síðar á árinu. Þau fóru inn næsta haust á eftir. Í Lúxemborg var árinu skipt í þrjár annir og unnið er úr frá 7 daga skipulagi þannig að ef dagur féll út t.d. vegna fría þá hélt rútínan sér. K1 og K2 var skólaskylda og skólaskyldan var gjaldfrjáls í opinberu skólunum en dýr í einkaskólunum.

Í Ástralíu er víðar sveigjanleiki varðandi það hvenær börnin byrja í grunnskólanum. Hugmyndin um árgang er varla til. Árgangar eru þó skilgreindir t.d. í íþróttum þar sem miðað er við “undir 12 ára” eða “undir 15 ára” o.s.frv. Skólaárið í Ástralíu er yfirleitt frá lokum janúar til desember. Börnin eru tekin inn í “prep” (ár á undan 1. bekk) í janúar þ.e. þau börn sem verða 5 ára fyrir 31. júlí. Skólaskylda er frá 5 ára til 15-17 ára (mismunandi eftir fylkjum) og öll börn verða að hefja skólagöngu áður en þau verða 6 ára (s.s. öll verða að hefja 1. bekk áður en þau verða 7 ára).

Þórunn Gyða Björnsdóttir greindi hópnum frá reynslu sinni frá Englandi þar sem börn byrja í grunnskóla þegar þau eru tæplega fimm ára. Þá hefst lögbundin skólaskylda en áður hafa mörg börn

verið í *nursery school* í 1-2 ár sem er val foreldra. Þar er hugmyndafræði leikskólans höfð að leiðarljósi. Börnin eru tekin inn í grunnskólann þrisvar sinnum á ári, í byrjun september, byrjun janúar og um miðjan apríl. Hvenær barnið byrjar ræðst af því í hvaða mánuði þau eru fædd en gert er ráð fyrir því að þau byrji sem næst 5 ára afmælisdeginum, tæplega fimm ára. Dæmi um börn fædd 2010.

- Barn fætt í febrúar 2010 getur byrjað í janúar 2015
- Barn fætt í júní 2010 getur byrjað apríl 2015
- Barn fætt í október 2010 getur byrjað í september 2015

Skólaárið er frá september til júlí og þau börn sem ekki eru orðin 5 ára 1. september byrja í janúar árið á eftir. Börn sem byrja í janúar fara í sama bekkinn og líka þau sem byrja í apríl og svo koll af kolli.

Hildur Skarphéðinsdóttir sagði frá innritun barna í grunnskóla í Skotlandi, en börn í Skotlandi byrja venjulega í grunnskóla á haustönn í ágúst þegar þau eru fjögurra og hálfis árs til fimm og hálfis árs gömul. Sveitarstjórnir geta ákveðið að börn hefji skólagöngu í ágúst fjögurra ára gömul ef þau verða orðin fimm ára fyrir lok febrúar. Nemandi sem verður 16 ára á tímabilinu mars til september getur lokið skólagöngu í maí sama ár í Skotlandi. Ef afmælisdagurinn er á tímabilinu október til febrúar getur hann hætt í skóla í upphafi vetrarfrís, sem er yfirleitt í október.

Í máli fræðimannanna Gerðar G Óskarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur kom fram að þessar hugmyndir hefðu ekki verið skoðaðar í þeirra rannsóknum. Þær lögðu báðar áherslu á mikilvægi þess að huga að félagslega þættinum ekki síður en öðrum þáttum þegar kemur að því að skoða breytingar á upphafi grunnskólagöngu.

Gerður lagði áherslu á að hugsa fyrst og fremst út frá hagsmunum barnsins. Hún telur að það sé aðallega samfellan á milli skólastiga sem skipti máli og aukin þekking kennara á hvoru skólastigi á því sem verið er að gera á hinu. Gerður telur mikilvægt að miða við að hópur fari saman af leikskóla í grunnskóla fremur en einstaklingar og telur megingalla hugmyndarinnar vera félagslega. Hún telur að ef vilji sé til breytinga gæti fyrsta skrefið verið að auka val foreldra.

Jóhanna sagði frá því að í Noregi var grunnskólabyrjun færð úr 7 ára í 6 ára fyrir u.þ.b. 15 árum og mikið hefur verið fylgst með þeirri þróun. Þar fóru leikskólakennarar inn í grunnskólann og lögð var áhersla á að unnið yrði með leikinn á grunni leikskólafræða. Taka átti það besta frá leikskólanum og leyfa því að halda sér. Þetta gekk mjög vel til að byrja með en eftir því sem tíminn leið fóru leikskólakennarar að gera eins og grunnskólakennararnir og grunnskólahefðirnar tóku yfir. Ástæða þessa var talin vera sú að leikskólakennararnir voru í miklum minnihluta. Jóhanna taldi að það þyrfti víðtækar breytingar á kerfinu ef börn hæfu grunnskólagöngu við 6 ára afmæli sitt og að það þyrfti að vera geta til að taka á móti einu barni sem er að mæta inn í skóladaginn. Jóhanna sagði mikilvægt að við horfðum ekki á grunnskólann sem óbreytanlegt box sem börn þurfi að passa inn í. Aðalnámskrá sé sveigjanleg og veiti svigrúm til að hverju barni sé mætt þar sem það er statt. Einnig taldi hún varhugavert að láta barn byrja fyrr í grunnskólanum og telur að ef það sé gert þurfi barnið sérstakan stuðning. Hún lagði áherslu á að þegar valkostir væru metnir þyrfti að horfa til félaganna, kennaranna og foreldranna. Þetta væru þrjú grundvallaratriði og skiptu miklu máli.



Allar breytingar þurfa að taka mið af börnunum; líðan þeirra, framförum og hagsmunum.

Hópurinn leggur fram sex sviðsmyndir að hugsanlega breyttu fyrirkomulagi við innritun barna í grunnskóla. Leitast er við að varpa ljósi á kosti og galla hvernar sviðsmyndar og áhrifa hennar á börn og starf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Kostnaðarmat við hverja sviðsmynd var unnið á fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs.


Skýrsla starfshópsins var lögð fram í apríl 2015. Í júní 2015 voru gerðar breytingar á skýrslunni til samræmis við skýrslu starfshóps um að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Breytingarnar felast í endurskoðuðu kostnaðarmati þar sem m.a. er gengið út frá því við sviðsmynd 1 að meðaltalsstærð árgangs sé 1688 börn. Hér hafa verið settar inn nýjar töflur en fyrri töflur fylgja með í fylgiskjali 5.

Skólaskylda í 37 Evrópulöndum

Á þessari mynd um skólaskyldu í 37 Evrópulöndum, kemur fram að skólaárið 2010/11 var skólaskylda frá 4 ára aldri í tveimur löndum og í einu landi frá 4 og hálfis árs. Í átta löndum var skólaskylda frá 5 ára en frá 6 ára í 22 löndum. Í fjórum löndum var skólaskylda frá 7 ára. Í flestum löndum eru nýir árgangar teknir inn einu sinni á ári. Tekið úr skýrslunni Key Data on Education in Europe 2012.

Mynd 1

● Figure B2: Duration of the compulsory education in Europe 1980/81-2010/11



Source: Eurydice.

Country specific notes

Belgium: Compulsory full-time education ends at the age of 16 for students who have not completed the first stage of secondary education.

Netherlands: Depending on the school attended, lower secondary education ends at the age of 15 (VWO, HAVO) or 16 (MAVO, VBO and VMBO). Compulsory education finishes at the end of the school year when students turn the age of 18 or when they have achieved a basic qualification (VWO, HAVO or MBO-2 certificate), which can be at the age of 17.

Liechtenstein: One year of pre-primary education is compulsory for children with different language background.

Kostir og gallar sviðsmynda

1. Innritun í grunnskóla tvisvar á ári

Börn fædd frá 1. janúar - 30. júní hefji grunnskólagöngu í janúar það ár sem þau verða 6 ára en börn fædd 1. júlí – 31. desember hefji grunnskólagöngu í ágúst það ár sem þau verða 6 ára.

Styrkleikar og tækifæri

Kostir þessarar leiðar eru að minni hópar fara úr leikskólanum inn í grunnskóla og frístundastarf í hvert skipti. Það leiðir af sér að færri börn eru á sama tíma að læra á nýtt umhverfi auk þess sem það gefur aukna möguleika á að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Leiða má líkum að því að minni þroskamunur sé á milli einstaklinga sem hefja grunnskólagöngu. Í fylgiskjali 3 má þó sjá gögn sem sýna að tengsl fæðingarmánaðar og námsárangurs 15 ára nemenda eru hverfandi.

Hugsanlega getur þessi leið aukið möguleika á samkenndu milli árganga t.d. 1. og 2. bekkur saman eða 5 ára og 1. bekkur saman og þá um leið kallað á breytta kennsluhætti auk þess sem hún gefur aukinn möguleika á að seinka eða flýta börnum innan árgangs.

Þessi leið gefur aukið svigrúm til þess að taka inn yngri börn í leikskólann. Nýting á skólahúsnæði, í þeim skólum sem búa við nægilegt pláss, yrði betri.

Veikleikar og ógnanir

Gallarnir við þessa tillögu eru að það skapast mikið rót á skólastarfi bæði í leik- og grunnskólum. Í leikskólanum fara börn af elstu deildum inn í grunnskólann tvisvar á ári en ný börn koma inn í yngstu árgangana sem kallar á keðjuverkun og flutning barna á milli deilda, upp allan leikskólann, tvisvar á ári. Þessi leið getur í auknum mæli haft í för með sér aðskilnað vina í leikskólanum þegar hluti hópsins fer í grunnskólann og börn færast á milli deilda mun örar en raunin er í núverandi kerfi.

Í grunnskólann kæmi inn nýr hópur um áramót og þá þarf að útfæra hvort þau börn mynduðu sérstakan hóp/bekk eða sameinuðust hóp/bekk sem fyrir væri. Erfitt getur verið fyrir börn að koma inn í hóp/bekk sem hefur verið saman frá hausti. Börn sem fædd eru fyrr á árinu og kæmu fyrr inn í grunnskólann gætu auk þess fengið meira forskot frá því sem nú er. Velta þarf fyrir sér hvenær þau börn sem mögulega kæmu inn um áramót flyttust síðan á milli bekkja þ.e. með fyrri hópnum næsta skólaár og þá eftir hálf ári í grunnskólanum eða hvort þessi sveigjanleiki yrði áfram innan grunnskólans. Þessi leið gæti því skapað tvöfalt kerfi árganga, aukinn kostnað og e.t.v. skort á húsnæði grunnskólum sem búa við þröngan kost. Skólaskylda er 10 ár og huga þarf að lokum skólaskyldu þar sem þessi leið gæti falið í sér að hluti barnanna yrði tíu og hálf ári í grunnskólanum. Þessari leið fylgir aukinn kostnaður þar sem fleiri börn koma inn í kerfið.

Kostnaðarmat vegna 1. sviðsmyndar

SVIÐSMYND 1a: Innritun barna frá 12 mánaða aldri miðað við inntöku 1.jan og 1.júlí og innritun 6 ára barna í 1. bekk grunnskóla í janúar og ágúst

	Öll börn frá 12 mán	86% barna frá 12 mán
Kostnaður við öll 1.árs börn á ári	4.192.904.224	3.605.897.633
Lækkun kostnaðar vegna dagforeldra	-282.205.382	-147.454.810
Lækkun kostnaðar vegna styttingar leikskólatíma	-1.170.023.696	-1.170.023.696
Netto útgjaldaaukning	2.740.675.146	2.288.419.126

allar tölur í milljónum króna

SVIÐSMYND 1b: Innritun barna frá 12 mánaða aldri miðað við inntöku 1.janúar og 1.júlí og innritun 6 ára barna í 1. bekk grunnskóla í janúar og ágúst

	Öll börn frá 12 mán	86% barna frá 12 mán
Kostnaður við öll 1.árs börn á ári	4.192.904.224	3.605.897.633
Grunnskólakostnaður fyrir hálf ári	255.311.688	219.568.052
Frístundakostnaður fyrir hálf ári	248.708.232	213.889.080
Lækkun kostnaðar vegna dagforeldra	-282.205.382	-147.454.810
Lækkun kostnaðar vegna styttingar leikskólatíma	-1.170.023.696	-1.170.023.696
Netto útgjaldaaukning	3.244.695.066	2.721.876.258

allar tölur í milljónum króna

SVIÐSMYND 1c: Innritun barna frá 18 mánaða aldri í leikskóla tvisvar á ári og innritun 6 ára barna í 1. bekk grunnskóla í janúar og ágúst

	Öll börn frá 12 mán	86% barna frá 12 mán
Kostnaður við öll 1.árs börn á ári	2.281.912.112	1.962.444.416
Lækkun kostnaðar vegna dagforeldra	-141.102.691	-6.352.119
Lækkun kostnaðar vegna styttingar leikskólatíma	-1.170.023.696	-1.170.023.696
Netto útgjaldaaukning	970.785.725	786.068.601

allar tölur í milljónum króna

SVIÐSMYND 1d: Innritun barna frá 18 mánaða aldri í leikskóla tvisvar á ári og innritun 6 ára barna í 1. bekk grunnskóla í janúar og ágúst

	Öll börn frá 12 mán	86% barna frá 12 mán
Kostnaður við öll 1.árs börn á ári	2.281.912.112	1.962.444.416
Grunnskólakostnaður fyrir hálf ári	255.311.688	219.568.052
Frístundakostnaður fyrir hálf ári	255.311.688	219.568.052
Lækkun kostnaðar vegna dagforeldra	-141.102.691	-6.352.119
Lækkun kostnaðar vegna styttingar leikskólatíma	-1.170.023.696	-1.170.023.696
Netto útgjaldaaukning	1.481.409.101	1.225.204.705

allar tölur í milljónum króna

2. Innritun í grunnskóla við 6 ára afmæli

Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu við 6 ára afmæli sitt. Börn fædd í júní, júlí og ágúst hefji grunnskólagöngu í ágúst.

Styrkleikar og tækifæri

Helstu kostir þessarar leiðar eru að hún kallar á einstaklingsmiðun og veitir kennurum aukin tækifæri til að átta sig á stöðu hver barns og mæta því þar sem það er statt þegar það kemur yfir í grunnskólann. Leiðin kallar á breytt vinnubrögð í 1. bekk. Stórir hópar kæmu ekki inn í leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimili í einu og því kæmu börnin inn í mótað umhverfi þar sem önnur börn væru þeim til fyrirmyndar. Þessi leið felur í sér sveigjanlegra fyrirkomulag og aukna möguleika á að seinka eða flýta grunnskólagöngu barna. Kerfið væri sveigjanlegt kerfi en þyrfti að flæða upp allt skólakerfið.

Veikleikar og ógnanir

Helstu gallar þessarar leiðar eru að barn fer ekki með hópi félaga á milli skólastiga og það getur valdið kvíða og óöryggi auk þess sem erfitt getur verið að koma inn í mótaðan hóp. Þessi leið felur í sér mikla hreyfingu og keðjuverkun upp allan leikskólann þar sem elstu börn leikskólans hætta allt árið og í staðinn koma inn ung börn. Það kallar á flutning barna á milli deilda allt árið. Þessi leið kallar því á breytingar á þeirri hefð að vinna mikið með hópa jafnaldra í leikskólanum. Huga þarf að því hvaða áhrif þetta hefur á tilfærslu barna á milli bekkja í grunnskólanum og hvort þetta felur í sér mislanga grunnskólagöngu barna þ.e. tíu og hálf ár fyrir hluta barna.

Kostnaðarmat vegna 2. sviðsmyndar

- Miðað er við útskrift elstu barna tvisvar á ári, í janúar og ágúst
- Miðað er við innritun yngstu barnanna í mánuðinum þegar þau eiga afmæli. Kostnaður eykst því frá mánuði til mánaðar vegna inntöku fleiri barna.

SVIÐSMYND 2: Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu við 6 ára afmælið sitt.

Kostnaður í Janúar	-90.529
Kostnaður í Febrúar	-68.947
Kostnaður í Mars	-47.366
Kostnaður í Apríl	-25.785
Kostnaður í Maí	-4.203
Kostnaður í Júní	17.378
Kostnaður í Júlí	38.959
Kostnaður í Ágúst	172.651
Kostnaður í September	194.232
Kostnaður í Október	215.814
Kostnaður í Nóvember	237.395
Kostnaður í Desember	258.976
Nettó útgjaldaaukning	898.575 <i>allar tölur í milljónum króna</i>

3. Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu innan árs frá 6 ára afmæli

Innritun barna verði einu sinni á ári en foreldrar hafi val á milli tveggja ára eftir því hvenær ársins barnið er fætt.

Dæmi:

- Barn A er fætt í febrúar 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort barnið hæfi grunnskólagöngu í ágúst 2014 eða í ágúst 2015.
- Barn B er fætt í nóvember 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort grunnskólaganga barnsins hæfist í ágúst 2015 eða í ágúst 2016.

Styrkleikar og tækifæri

Helstu styrkleikar þessarar aðferðar eru að í auknum mæli er hægt að taka tillit til stöðu barna og óska foreldra. Þessi leið brýtur upp árgangakerfi þar sem reiknað er með að börn sem fædd eru á sama almanaksári fylgjast að. Þetta gefur aukinn sveigjanleika til að mæta þörfum barna og fjölskyldna og einnig aukna möguleika á að vinir fylgist að. Breyting á skólaskyldu t.d. fimm ára barna í leikskóla gæti fylgt þessari leið.

Veikleikar og ógnanir

Þessi leið felur í sér óvissu um það hve mörg börn munu hefja grunnskólagöngu ár hvert. Á Íslandi er sterk hefð fyrir því að hugsa um börn í árgöngum og því er hugsanlegt að þessi leið myndi mæta mótspyrnu foreldra. Hugsanlega ýtir þessi leið undir getustýringu og að það verði einskonar „stöðutákn“ að börn hefji grunnskólagöngu fyrr.

Kostnaðarmat vegna 3. Sviðsmyndar

- Miðað er við að helmingur af leikskólabörnum byrji ári fyrr í grunnskóla og helmingur ári seinna í grunnskóla
- Miðað er við að helmingur af yngstu börnunum kæmu fyrr inn í leikskóla á móti.

SVIÐSMYND 3: Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu innan árs frá 6.ára afmæli

Lækkun leikskólakostnaðar vegna elstu barna	-1.057.039
Lækkun kostnaðar vegna dagforeldra	-481.905
Hækkun kostnaðar vegna yngstu barna	2.075.074
Hækkun kostnaðar vegna elstu barnanna	1.242.719
Netto útgjaldaaukning	1.778.850

*allar tölur í milljónum
króna*

4. Val foreldra

Leikskólabörn geti byrjað í grunnskóla á mismunandi tímum árs þegar foreldrar og leikskólakennarar telja að þau séu tilbúin til þess t.d. við sex ára afmælisdaginn. Þau geta þá einnig verið lengur í leikskólanum ef talið er að það þjóni hagsmunum þeirra betur, að mati foreldra og kennara.

Styrkleikar og tækifæri

Kostir þessarar leiðar eru að börn fá að byrja í grunnskóla þegar talið er að þau séu „tilbúin“ og tekið er tillit til óska foreldra sem þekkja börnin sín best. Þessi leið felur í sér aukinn möguleika á að vinir fylgist að og aukinn sveigjanleika til að mæta þörfum barna og fjölskyldna. Þessi leið kallar á breytta starfshætti í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og einnig fjölbreyttari námsleiðir og einstaklingsmiðað nám. Henni fylgir möguleiki á að stokka upp og mæta hverju barni þar sem það er statt í námi sínu og þroska. Breyting á skólaskyldu t.d. fimm ára barna í leikskóla gæti fylgt þessari leið.

Veikleikar og ógnanir

Þessari leið fylgir aukin hættan á getustýringu og óraunhæfum væntingum foreldra um getu barna sinna. Hætta er á samanburði á milli barna (foreldra) og um leið að samkeppni stýri vali fremur en raunveruleg staða barnanna í námi og þroska. Þessi leið felur einnig í sér mikla hreyfingu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila allt árið. Henni fylgir aukin óvissa í starfinu og tæknilegri útfærslu þar sem erfiðara verður að skipuleggja heildstætt skólastarf á báðum skólastigum.

Kostnaðarmat vegna 4. sviðsmyndar

Það sama og vegna 2. sviðsmyndar.

5. Árgangaskil verði færð til

Árgangaskil miðist ekki við áramót heldur önnur mánaðarmót innan ársins t.d. september/október. Í hverjum bekk væru þá börn fædd á tveimur almanaksárum og ekki væri augljóst ef barn er ári á eftir jafnöldrum eða ári á undan.

Styrkleikar og tækifæri

Þessi leið felur í sér breytta hugsun um að árgangar fylgist að þar sem tvö fæðingarár eru saman í bekk. Það gerir það mildara ef færa þarf barn á milli bekkja og ekki verður eins augljóst ef einhver er ári á undan eða ári á eftir jafnöldum. Þess vegna verður meiri möguleiki á að færa börn til eftir þroska og getu án þess að barn skeri sig úr.

Veikleikar og ógnanir

Eftir sem áður verður sama aldursbil (12 mánuðir) á yngsta og elsta barni innan bekkjar. Ekki verður breyting á þeirri hópastærð sem kemur inn í grunnskólann og frístundaheimilið og er að læra á nýtt námsumhverfi. Rík hefð er á Íslandi fyrir því að skilgreina hópa eftir árgöngum og hugsanlega myndu foreldrar andmæla breytingunni.

Kostnaðarmat vegna 5. sviðsmyndar

Gæti orðið einhver kostnaður en hann myndi jafnast út á milli ára eða fer eftir árgangsstærð hverju sinni.

6. Leikskólabörn byrji á frístundaheimili í júní eða strax eftir sumarleyfi

Styrkleikar og tækifæri

Þessi leið felur í sér góðan undirbúning og aðdraganda að grunnskólagöngu þar sem börnin eru þá búin að kynnast einum hluta skólastarfsins áður en grunnskólinn hefst. Með þessari leið er hægt að bjóða upp á heilsársstörf á frístundaheimilum og það felur í sér að líklega þarf að ráða færri inn að hausti. Frístundaheimilin myndu búa til sérstök námskeið fyrir þennan aldurshóp. Þessi leið opnar á þann möguleika að taka inn leikskólabörn frá 1. júní eða strax að loknu sumarleyfi leikskóla. Skoða má hvort vænlegt væri að ráða starfsfólk sem starfar bæði í grunnskóla og frístundaheimili og samnýta enn frekar húsnæði

Veikleikar og ógnanir

Börnin mæta nýju starfsfólki bæði á frístundaheimilinu í júní og í grunnskólanum í ágúst. Reiknað er með að hvert barn fái fjögurra vikna sumarleyfi og ef þau byrja á frístundaheimilinu í júní þarf að huga að því hvort frístundaheimilið lokar vegna sumarleyfa eða hvort foreldrar hafa val um sumarleyfistíma. Húsnæði gæti verið fyrirstaða á einhverjum stöðum og mótuneytisþjónusta er ekki til staðar eins og í leikskólum. Gjaldskrá frístundaheimila er hærri en leikskóla en þyrfti að vera sú sama svo þetta yrði raunverulegur kostur fyrir foreldra. Kostnaður fylgir því að börnin fari fyrr inn í frístundastarfið og á sama tíma koma inn ný börn í leikskólana.

Kostnaðarmat vegna 6. Sviðsmyndar

SVIÐSMYND 6 A: Öll leikskólabörn byrji á frístundaheimili í júní og öll 12 mánaða börn koma inn í leikskóla í júní

Kostnaður við 1. árs börn	4.192.904
Kostnaður við elstu börnin í frístund	264.091
Lækkun leikskólakostnaðar vegna elstu barnanna sem fara í frístund	- 2.340.027
Lækkun kostnaður vegna dagforeldra	-282.205
Netto útgjaldaaukning	1.834.763

allar tölur í milljónum króna

Forsendur sviðsmyndar 6A

- Tölurnar eru byggðar á ársgrundvelli
- Miðað er við tvo mánuði í frístundastarfi áður en börnin fara í grunnskóla
- Miðað er við að foreldrar greiði það sama í frístund og fyrir leikskólann

SVIÐSMYND 6 B: Öll leikskólabörn byrji á frístundaheimili um miðjan ágúst og öll 12 mánaða börn koma inn í leikskóla um miðjan ágúst

Kostnaður við 1. árs börn	4.192.904
Kostnaður við elstu börnin í frístund	66.023
Lækkun leikskólakostnaðar vegna elstu barnanna sem fara í frístund	-2.340.027
Lækkun kostnaður vegna dagforeldra	-282.205
Netto útgjaldaaukning	1.636.694

allar tölur í milljónum króna

Forsendur sviðsmyndar 6B

- Tölurnar eru byggðar á ársgrundvelli
- Miðað er við hálfan mánuð í frístundastarfi áður en börnin fara í grunnskóla
- Miðað er við að foreldrar greiði það sama í frístund og fyrir leikskólann

Tafla yfir sviðsmyndir

Sviðsmynd 1	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Innritun í grunnskóla tvisvar á ári. Lýsing: Börn fædd frá 1. janúar - 30. júní hefji grunnskólagöngu í janúar það ár sem þau verða 6 ára en börn fædd 1. júlí – 31. desember hefji grunnskólagöngu í ágúst það ár sem þau verða 6 ára.	Hugsanlega minni þroskamunur á milli einstaklinga. Minni hópar sem fara úr leikskólanum og koma inn í grunnskólann og frístundaheimilið. Færri börn að læra á nýtt umhverfi í einu. Ýtir undir samkenndu milli árganga t.d. 1. og 2. bekkur saman eða 5 ára og 1. bekkur saman. Kallar á breytta námstilhögun 5 og 6 ára barna – nær leikskólanum. Meiri einstaklingsmiðun. Aukinn möguleiki á að seinka eða flýta börnum innan árgangsins. Aukið svigrúm í leikskólanum til að taka inn yngri börn. Betri nýting á skólahúsnæði þ.e. í þeim skólum sem hafa nægilegt pláss.	Mikið umrót á starfinu og erfiðara í skipulagi þar sem hreyfing er á barnahópnum tvisvar á ári. Þarf að stokka allt upp um áramót í leikskólanum. Flytja á milli deilda. Keðjuverkun – áhrif upp allan leikskólann. Aðskilnaður vina í leikskólanum og erfitt fyrir þau sem fara síðast úr leikskólanum í grunnskóla. Félagslega erfitt; börnin hafa ekki stuðning af félagahópnum. Erfitt fyrir börn sem koma inn í hóp sem hefur verið saman frá hausti. Börn sem fædd eru fyrr gætu fengið meira forskot þ.e. aukið forskot frá því sem nú er. Gæti þýtt aukinn kostnað í minni skólum. Dýrara þar sem fleiri börn koma inn í kerfið okkar. Skortur á húsnæði í grunnskólum sem búa við þröngan kost. Hugsanleg andstaða foreldra.	Kallar á skipulagsbreytingar í grunnskólanum. Hvenær færu börnin í 2. bekk, 3. bekk, o.s.frv.? Getur skapað tvöfalt kerfi árganga 10 ára skólaskylda. Einhver börn verða hugsanlega skemur eða lengur t.d. 10,5 ár. Aukinn kostnaður! Hvernig yrði útskrift í grunnskólanum háttað? Yrði hún tvisvar á ári?

Sviðsmynd 2	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Innritun í grunnskóla við 6 ára afmæli Lýsing: Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu við 6 ára afmæli sitt. Börn fædd í júní, júlí og ágúst byrjuðu í ágúst.	Stuðlar að einstaklingsmiðuðu námi. Kallar á breyttar starfsaðferðir og meiri sveigjanleika. Börnin koma inn í mótað umhverfi bæði í leikskólum og grunnskólum og njóti þess að hafa fyrirmyndir í öðrum börnum. Aukin tækifæri til að setja barnið í fókus og átta sig á stöðu þess. Nýtt kerfi þarf að flæða upp um allt skólakerfið.	Börnin koma inn í mótað umhverfi, allt árið, bæði í leikskólum og grunnskólum og það getur valdið óöryggi. Barn fer ekki með hópi og það getur valdið kvíða og óþægindum. Mikið umrót á starfi leikskóla og erfiðara í skipulagi þar sem hreyfing er á barnahópnum allt árið. Keðjuverkun upp allan leikskólann. Félagslegar ógnanir þar sem barn nýtur ekki stuðnings af hópnum þegar það kemur inn í ókunnan hóp. Tilhneiging til að horfa í auknum mæli á hvenær barn er fætt á árinu. Hugsanleg andstaða foreldra.	10 ára skólaskylda. Einhver börn verða hugsanlega skemur eða lengur í grunnskólanum, t.d. 10,5 ár.

Sviðsmynd 3	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Leikskólabörn hefji grunnskólagöngu innan árs frá 6 ára afmæli. Lýsing: Innritun barna verði einu sinni á ári en foreldrar hafi val á milli tveggja ára eftir því hvenær ársins barnið er fætt. Dæmi: Barn A er fætt í febrúar 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort barnið hæfi grunnskólagöngu í ágúst 2014 eða í ágúst 2015. Barn B er fætt í nóvember 2009. Í núverandi skipulagi hefur það grunnskólagöngu í ágúst 2015. Hér hefðu foreldrar val um hvort grunnskólaganga barnsins hæfist í ágúst 2015 eða í ágúst 2016.	Tekið tillit til stöðu barna og óska foreldra Aukinn sveigjanleiki til að mæta þörfum barna og fjölskyldna. Brýtur upp árgangakerfi, þar sem reiknað er með að börn fædd sama almanaksár fylgist að. Börn fá að byrja í grunnskóla þegar þau eru talin „tilbúin“. Möguleiki á að vinir fylgist að, þó þeir séu fæddir á sitthvoru árinu. Tækifæri til að endurskoða starfshætti í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum. Tækifæri til að endurskoða námsfyrirkomulag. Möguleiki á að stokka upp og mæta hverju barni þar sem það er statt.	Óvissa um hve mörg börn munu hefja grunnskólagöngu ár hvert. Ýtir hugsanlega undir getustýringu og að það verði einskonar „stöðutákn“ að börn hefji grunnskólagöngu fyrr. Hefðin um að hugsa í árgöngum er sterk á Íslandi og því myndi þessi leið hugsanlega mæta andstöðu foreldra.	Sú breyting gæti fylgt þessari leið að gera síðasta ár leikskólans að skólaskyldu.

Sviðsmynd 4	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Val foreldra Lýsing: Leikskólabörn geti byrjað í grunnskóla á mismunandi tímum árs foreldrar og leikskólakennarar telja þau tilbúin t.d. við sex ára afmælisdaginn. Þau geta einnig verið lengur í leikskólanum ef það þjónar hagsmunum þeirra betur að mati foreldra og kennara.	Börn fá að byrja í grunnskóla þegar þau eru talin „tilbúin“. Tekið er tillit til óska foreldra sem þekkja börn sín best. Aukinn möguleiki á að vinir fylgist að. Aukinn sveigjanleiki til að mæta þörfum barna og fjölskyldna. Tækifæri til að breyta starfsháttum í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum. Möguleiki á fjölbreyttari námsleiðum og einstaklingsmiðuðu námi.	Ýtir hugsanlega undir getustýringu og að það verði einskonar „stöðutákn“ að börn hefji grunnskólagöngu fyrr. Hætta er á samanburði á milli barna (foreldra) og um leið á að samkeppni valdi vali fremur en raunveruleg staða. Mikið umrót á starfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þar sem hreyfing er á barnahópnum allan ársins hring. Erfitt fyrir þau sem fara síðast úr leikskólanum í grunnskóla. Óvissa um hve mörg börn munu hefja grunnskólagöngu ár hvert og hvenær. Tæknilegar útfærslur og skipulag þarfnast breytinga. Erfiðara að skipuleggja heildstætt skólastarf á báðum skólastigum.	Sú breyting gæti fylgt þessari leið að gera síðasta ár leikskólans að skólaskyldu.

Sviðsmynd 5	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Árgangaskil færð til Lýsing: Árgangaskil miðist ekki við áramót heldur önnur mánaðarmót á árinu t.d. september/október. Í hverjum bekk væru þá börn fædd á tveimur almanaksárum og ekki verður augljóst ef barn er ári á eftir jafnöldrum eða ári á undan.	Breytt hugsun um að árgangar fylgist að þar sem tvö fæðingarár eru saman í bekk. Mildara að færa barn á milli bekkja. Ekki jafn augljóst ef einhver er ári á undan eða eftir jafnöldum. Aukið rými til að taka inn yngri börn í leikskólum.	Eftir sem áður verður sami aldursmunur (12 mánuðir) á elstu og yngstu börnum í bekk þegar þau hefja grunnskólagöngu. Jafnstórir hópar koma inn og læra á tvenns konar kerfi þ.e. grunnskólann og frístundaheimilið. Hefð fyrir árgöngum er sterk á Íslandi og gera má ráð fyrir andmælum foreldra.	

Sviðsmynd 6	Styrkleikar og tækifæri	Veikleikar og ógnanir	Til athugunar
Leikskólabörn byrji á frístundaheimili 1. júní eða strax eftir sumarleyfi.	Góður undirbúningur og aðdragandi að grunnskólagöngu þar sem börnin eru þá búin að kynnast einum hluta skólastarfsins áður en grunnskólinn hefst. Hægt verður að bjóða upp á heilsársstörf á frístundaheimilum. Frístundaheimilin myndu búa til sérstök námskeið fyrir þennan aldurshóp.	Börnin mæta nýju starfsfólki bæði á frístundaheimilinu í júní og í grunnskólanum í ágúst. Húsnæði gæti verið fyrirstaða á einhverjum stöðum og mötuneytisþjónusta er ekki til staðar eins og í leikskólum. Kostnaður fylgir því að börnin fari fyrir inn í frístundina og á sama tíma koma inn börn í leikskólana.	Reiknað er með að hvert barn fái fjögurra vikna sumarleyfi og ef þau byrja á frístundaheimilinu í júní þarf að huga að því hvort frístundaheimilið lokar vegna sumarleyfa eða hvort foreldrar hafa val um sumarleyfistíma. Ef þjónustan mætir ekki þörfum foreldra varðandi sumarlokun þá er hætt við að börnin komi ekki. Skoða má hvort hægt er að ráða starfsfólk sem starfar bæði í grunnskólanum og frístundaheimilinu. Stefna á heilsársfrístund þar sem barn innritast – líkt og í leikskóla – og foreldrar segja svo upp plássinu. Gjaldskrá frístundaheimila er hærri en leikskóla en þyrfti að vera sú sama svo þetta sé raunverulegur kostur fyrir foreldra.

Ritaskrá

Bright children should start school at six, says academic. Sótt á

<http://www.telegraph.co.uk/education/educationnews/9266592/Bright-children-should-start-school-at-six-says-academic.html>

Dockett, S. og Perry, B. (2013). *Trends and tensions: Australian and international research about starting school.* Sótt á

<http://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/09669760.2013.832943#.VKZY3yusW-2>

Early Years Transition programme. Sótt á <http://www.ease-eu.com/>

Gerður G. Óskarsdóttir, ritstjóri (2014.) *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gerður G. Óskarsdóttir (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir (2007). *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla.* Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í Menntunarfræðum ungra barna.

Jóhanna Einarsdóttir (2012). „Þá byrjar kennarinn að láta mann læra“. *Leikskólabörn tjá sig um væntingar sínar og undirbúning undir grunnskólagöngu. Tímarit um menntarannsóknir*, 9, 86-111.

Jóhanna Einarsdóttir (2013). *Á sömu leið.* Reykjavík: Háskólaútgáfan, RannUng.

Key Data on Education in Europe 2012. Sótt á

http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/key_data_series/134en.pdf

Leikskólasvið Reykjavíkur (2005). *Samstarf leik- og grunnskóla. Um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiganna.* Skýrsla starfshóps.

Mansell, W. og Curtis, P. (2009) *Don't send children to school at four, warn experts.* Sótt á

<http://www.theguardian.com/education/2009/feb/14/starting-age-four-school>

Menntasvið Reykjavíkur (2007) Sveigjanlegur námstími í grunnskólum. Skýrsla starfshóps. Sótt á

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sveigjanl.namst_grunnsk.pdf

Our New Report! Reading Instruction in Kindergarten: Little to Gain and Much to Lose. Sótt á

<http://deyproject.org/2015/01/13/our-new-report-reading-instruction-in-kindergarten-little-to-gain-and-much-to-lose/>

Promoting Childrens's Welfare in the Nordic Countries. Sótt á

<http://www.policyalternatives.ca/sites/default/files/uploads/publications/National%20Office/2009/04/Promoting%20Children%27s%20Welfare%20in%20the%20Nordic%20Countries.pdf>

School starting age: the evidence. Sótt á <http://www.cam.ac.uk/research/discussion/school-starting-age-the-evidence>

Sharp, C (2002). *School Starting Age: European Policy and Recent Research*. Sótt á <http://www.nfer.ac.uk/publications/44414/44414.pdf>

Sigurður Ragnar Eyjólfsson. Fæðingardagsáhrif í knattspyrnu. Sótt á http://www.ir.is/media/PDF/Faedingardagsahrif_i_knattspyrnu.pdf

Upplýsingar um nám í Nýja Sjáland. Sótt á http://en.wikipedia.org/wiki/Education_in_New_Zealand#Years_of_schooling

Upplýsingar um nám í Ástralíu. Sótt á http://en.wikipedia.org/wiki/Education_in_Australia#Primary

Whitebread, D. (2014). *Hard Evidence: At what age are children ready for school?* Sótt á <http://theconversation.com/hard-evidence-at-what-age-are-children-ready-for-school-29005>

Þórunn Jónasdóttir (2014) „Eins og að stíga í næstu tröppu“ : samfella við skólaskil leik- og grunnskóla í Kópavogi. Sótt á [http://skemman.is/stream/get/1946/19687/43810/1/Eins_og_a%C3%B0_st%C3%ADga_%C3%AD_n%C3%A6stu_tr%C3%B6ppu\\$002c_samfella_vi%C3%B0_sk%C3%B3laskil_leik-og_grunnsk%C3%B3la_%C3%AD_K%C3%B3pavogi.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/19687/43810/1/Eins_og_a%C3%B0_st%C3%ADga_%C3%AD_n%C3%A6stu_tr%C3%B6ppu$002c_samfella_vi%C3%B0_sk%C3%B3laskil_leik-og_grunnsk%C3%B3la_%C3%AD_K%C3%B3pavogi.pdf)

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Erindisbréf starfshóps

Heiti starfshóps: Starfshópur um innritun barna í grunnskóla oftari en einu sinni á ári
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson
Markmið: Að leggja mat á kosti þess og galla, jafnt faglega sem fjárhagslega, að börn verði innrituð í grunnskóla oftari en einu sinni á ári.
Helstu verkefni: 1. Meta fagleg áhrif breytinganna á starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og jafnframt áhrif á leik, nám og velferð leik- og grunnskólabarna. 2. Skoða kosti og galla hugmyndarinnar er varða fjármál, húsnæðismál og starfsmannamál leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. 3. Leggja fram nokkrar útfærðar sviðsmyndir sem taka til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.
Fulltrúar í starfshópi: Fulltrúi leikskólastjóra – Þórunn Gyða Björnsdóttir Rofaborg Fulltrúi grunnskólastjóra - Ásta Bjarney Elíasdóttir Húsaskóla Fulltrúi frístundamiðstöðva Elín Þóra Böðvarsdóttir, deildarstjóri Kringlumýri Fulltrúi leikskólahluta fagskrifstofu SFS – Hildur Skarphéðinsdóttir Fulltrúi grunnskólahluta fagskrifstofu SFS – Nanna K. Christiansen Fulltrúi frístundahluta fagskrifstofu SFS – Steingerður Kristjánsdóttir Fulltrúi Félags foreldra leikskólabarna í Reykjavík - Jane Appleton Fulltrúi foreldra grunnskólabarna - Bryndís Jónsdóttir
Formaður starfshóps: Hildur Skarphéðinsdóttir
Starfsmaður: Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir
Ráðgjöf / samstarf: Fjármálaskrifstofa SFS Menntavísindasvið Háskóla Íslands Rýnihópar foreldra leik- og grunnskólabarna.
Starfstímabil: 15. nóvember 2014 – 1. mars 2015
Lokaskil: Starfshópurinn skili af sér niðurstöðum, til sviðsstjóra, eigi síðar en 1. mars 2015 og mun þá skóla- og frístundaráð taka afstöðu til niðurstaðna og ákveða frekari skref í málinu.

Fylgiskjal 2 - Greinargerð skóla- og frístundaráðs

Tillaga og greinargerð skóla- og frístundaráðs um tillögu að stofnun starfshópsins

SFS2014100223
67. fundur / fskj. 4.1

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um innritun barna í grunnskóla oftast en einu sinni á ári.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að stofna starfshóp sem metur kosti þess að innrita börn í grunnskóla oftast en einu sinni á ári. Á hann að meta faglega þætti er varða leik, nám og velferð leikskólabarna og skal hann leita eftir álit fræðasamfélagsins í þeim efnum. Einnig skal hann meta fagleg áhrif breytinganna á grunnskólastarf og frístundastarf og kosti og galla hugmyndarinnar er varða fjármál, húsnæðismál og starfsmannamál leik- og grunnskóla og frístundaheimila. Starfshópnum er falið að leggja fram nokkrar útfærðar sviðsmyndir sem taka til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Í starfshópnum situr fagfólk af skrifstofu skóla- og frístundasviðs, fulltrúa stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva auk fulltrúa foreldra leikskóla- og grunnskólabarna. Skal starfshópurinn skila skýrslu til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 1. mars 2015.

Greinargerð

Mikil eftirspurn er meðal foreldra ungra barna í Reykjavík eftir úrræðum til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og eru margir foreldrar sem kalla eftir því að börn þeirra komist fyrir inn á leikskóla en við tveggja ára aldur. Í Reykjavík eru nú um 1214 börn á biðlista fyrir leikskólaplássi. Margir foreldrar vilja að börn komist í leikskóla þegar fæðingarorlofi lýkur en bygging og rekstur nýrra leikskóla kallar á verulegt fjármagn. Starfshópur á vegum borgarstjóra mun móta tillögur um leiðir til að mæta þeirri þörf sem er á þjónustu við ungbarnafjölskyldur í borginni.

Ljóst er að þörf er á skapandi lausnum til að mæta mikilli eftirspurn og ein leið sem verðskuldar nákvæma skoðun er að breyta fyrirkomulagi innritunar grunnskólabarna á þann veg að grunnskólinn innriti börn úr leikskólum tvisvar á ári í stað þess að þau komi öll inn á sama tíma í ágúst eins og verið hefur.

Fyrirkomulagið gæti verið með þeim hætti að um áramót hefji börn á sjötta aldursári sem fædd eru fyrri hluta árs skólagöngu í grunnskóla og í ágúst það sama ár þau sem fædd eru síðari hluta ársins. Með því að taka helming hvers árgangs inn í grunnskóla ríflega hálfu ári fyrir, skapast sambærilegt rými til að taka jafnmörg börn fyrir inn á leikskóla. Með þessu móti mætti stytta þann tíma sem foreldrar þurfa að brúa frá lokum fæðingarorlofs að upphafi leikskólagöngu.

Annar tilgangur breytinganna væri að takast á við þann vanda að oft er verulegur munur á þroska barna sem fædd eru annars vegar í upphafi árs og hins vegar undir lok sama árs. Innritun í grunnskóla tvisvar á ári í stað gæti komið til móts við þennan þroskavanda.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem skoðar kosti og galla þessarar hugmyndar og meti jafnt faglegar sem fjárhagslegar afleiðingar þess að hafa innritun tvisvar á ári í grunnskóla. Mikilvægt er að tryggja skýra aðkomu stjórnenda leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og foreldra að þessari vinnu.

Starfshópurinn skili af sér niðurstöðum eigi síðar en 1. mars 2015 og mun þá skóla- og frístundaráð taka afstöðu til niðurstaðna og ákveða frekari skref í málinu.

Þess má geta að bæjarstjórn Kópavogs samþykkti sambærilega tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar á fundi sínum 23. september síðastliðinn.


Fylgiskjal 3 - Tengsl fæðingarmánaða og niðurstöðu í Pisa 2012

Tengsl fæðingarmánaða 15 ára nemenda og niðurstaðna Pisa í lesskilningi, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi, tekið saman af Almari Miðvík Halldórssyni hjá Námsmatsstofnun.

Fæðingarmánuður er skráður í PISA. Það var einfalt að keyra meðaltal eftir fæðingarmánuði, sem gefur góða vísbendingu.

Lesskilningur

Lesskilningur 15 ára nemenda í PISA 2012 eftir fæðingarmánuði			
	Meðaltal	Staðalvilla	Fjöldi nemenda
Janúar	474	7,21	263
Febrúar	486	6,24	285
Mars	464	6,46	318
Apríl	488	5,26	311
Maí	486	6,67	275
Júní	483	6,23	288
Júlí	489	5,17	305
Ágúst	489	5,86	309
September	482	5,51	265
Október	477	6,25	305
Nóvember	487	5,37	304
Desember	485	6,17	280



Lítill en jákvæð fylgni, 12,5% skýrð dreifing. Ef eitthvað er, þá er veikt jákvætt samband, þ.e. þeir sem fæddir eru seinna á árinu (eru yngri) koma betur út en þeir sem fæddir eru fyrr á árinu (eru eldri).

Stærðfræðilæsi

Þegar horft er til stærðfræðilæsis er niðurstaðan nánast flöt lína, sama og engin tengsl eru á milli fæðingarmánaðar og stærðfræðilæsis.


Stærðfræðilæsi 15 ára nemenda í PISA 2012 eftir fæðingarmánuði			
	Meðaltal	Staðalvilla	Fjöldi nemenda
Janúar	491	6,15	263
Febrúar	499	5,88	285
Mars	479	5,70	318
Apríl	497	5,16	311
Maí	493	5,84	275
Júní	498	5,54	288
Júlí	502	5,22	305
Ágúst	498	5,94	309
September	491	4,96	265
Október	490	5,71	305
Nóvember	491	4,92	304
Desember	486	5,56	280



Náttúrufræðilæsi

Fyrir náttúrufræði er sáralítill neikvæð fylgni, t.d. ekki marktæk breyting milli meðaltals fyrstu þriggja fæðingarmánaða og síðustu þriggja fæðingarmánaða. Þetta er enginn munur.

Náttúrufræðilæsi 15 ára nemenda í PISA 2012 eftir fæðingarmánuði			
	Meðaltal	Staðalvilla	Fjöldi nemenda
Janúar	478	6,96	263
Febrúar	484	6,76	285
Mars	463	6,24	318
Apríl	483	5,80	311
Maí	482	6,51	275
Júní	485	5,94	288
Júlí	487	5,60	305
Ágúst	483	6,11	309
September	475	5,37	265
Október	472	6,51	305
Nóvember	475	4,81	304
Desember	472	6,32	280



Niðurstaða

Niðurstaða þessarar samantektar er sú að fyrir þá færni sem OECD leggur áherslu á, að sé lykilmæni við lok grunnskóla og metin er með PISA prófinu, skiptir engu mælanlegu máli fyrir nemendur hér á landi hvenær á árinu þeir eru fæddir. Helst að lesskilningur þeirra sem fæddir eru seinna á árinu sé aðeins betri en þeirra sem fæddir eru fyrr.

Fylgiskjal 4 - Tillaga leikskólastjóra í Miðborg/Hlíðum.

Tillaga leikskólastjóra í Miðborg/Hlíðum, borin upp á fundi leikskólastjóra 1. september 2014.

Leikskólabörn á leið í grunnskóla fari yfir á frístundaheimili mánudaginn 10. ágúst 2015 eða u.þ.b. tveimur vikum fyrir opnun grunnskólans.

Foreldrar hafa fyrst um sinn val um hvort þau komi með börnin í leikskólann eða á frístundaheimilið. Árið 2016 byrja leikskólabörnin á frístundaheimili eftir verslunarmannahelgi eða u.þ.b. þremur vikum áður en að grunnskólinn hefst.

Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 segir að leikskólabörn eigi að fá tækifæri til að kynnast umhverfi grunnskólans og gæti þetta orðið einn þáttur í því. Önnur sveitarfélög hafa valið að fara þessa leið og hefur hún gefist vel. Þessi breyting myndi létt á álagi á leikskólunum og gæfi þeim tækifæri til að hefja aðlögun nýrra barna strax eftir sumarfrí en ekki eftir að grunnskólarnir hefja störf.

Virðingarfyllt,
Leikskólastjórar í Miðborg/Hlíðar

Fylgiskjal 4 - Minnisblað um sumarfrístund

Reykjavík 5. júní 2013

Minnisblað vegna samfelli milli leikskólaloka og skólabyrjunar hjá 6 ára börnum

Sumarfrístund fyrir elstu leikskólabörnin

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2012, að setja á laggir starfshóp sem undirbúa á nýtt þjónustutilboð fyrir elstu leikskólabörnin sumarið áður en þau setjast á skólabeck í grunnskóla. Með svokallaðri sumarfrístund er áformað að bjóða verðandi 1. bekingum upp á spennandi frístundastarf á skólaskilum, eða í nokkrar vikur að loknu sumarleyfi leikskólanna og fram að skólabyrjun. Markmiðið er að skapa meiri samfelli milli fyrstu skólastiga og veita nýjum grunnskólanemendum kost á því að kynnast starfsfólki og starfsemi frístundaheimila áður en formleg skólaganga hefst.



Starfshópur var skipaður sem vann tillögur sem fóru í kostnaðarútreikninga síðast liðið sumar. Sjá tillögur í fylgiskjali. Kostnaður vegna þessara tillagna eru rúmar 5.000 kr./viku/barn m.v. 8 stunda vistun og þá er búið að taka tillit til tekna. Ef gera á ráð fyrir að 1.000 börn myndu nýta sér slíkt tilboð væri kostnaður borgarinnar 5 milljónir/viku.

Gullborg, Frostaskjól og Grandaskóli sendu inn umsókn í þróunarstyrk 2012 varðandi svona samstarfsverkefni en fengu höfnun á styrkumsókn sinni.

Sami hópur sendi inn sambærilega umsókn nú í apríl með ósk um 300 þús. kr. styrk til að bjóða 20 börnum í Gullborg upp á slíka aðlögun í sumar sem eru að fara í Grandaskóla. (Sjá meðfylgjandi umsókn) Einnig kom í vor óformleg fyrirspurn frá foreldraráði leikskólans Langholt sem er í sama dúr. Ef styrkuppþæð Vesturbæingana (300 þús. f. 20 börn í 2 vikur) er yfirfærð á borgina (1.000 börn) þá er upphæðin 15 milljónir. Þetta er algjörlega lágmarksmönnun og ekki gert ráð fyrir börnum með miklar sérþarfir sem þyrftu viðbótarstuðning.

Erfitt getur reynst að manna þessar 2 vikur í ágúst en það þarf viðbótar mannafla í 100% starf í 2 vikur eftir verslunarmannahelgi og síðan þegar skólinn hefst þá lækkar starfshlutfallið í 50% nema ef það næst samþætting við grunnskóla-eða leikskólastarfið. Það þarf að skoða betur starfsmannahaldið vegna þessa.

Eitt sem hefur verið rætt í þessu samhengi er hvort skoða ætti að bjóða börnunum upp á að hefja þátttöku í frístundaheimilum að vori þ.e. þegar útskrift þeirra úr leikskóla er lokið.

- Það væri mjög gott fyrir mörg af leikskólabörnunum sem eru tilbúin að kveðja leikskólann sinn að hefja frístundastarf að vori og þá gæti leikskólinn tekið inn yngri börn fyrr.
- Þessi breyting myndi hafa mikil áhrif á stöðugleika í starfsmannahaldi frístundaheimilanna og gæti tryggt meira starfsöryggi starfsmanna og fyrirbyggt biðlista að hausti.

- Þessi breyting er mikill kostnaðarauki við sumarfrístundina sem starfrækir eingöngu rúmlega 20 starfseiningar að sumri en fjöldi frístundaheimila er 37 á veturna. Gróflega áætlað gæti sú upphæð verið 40-50 milljónir ef bjóða á 1.000 börnum til viðbótar þjónustu að vori.

Sumarfrístund fyrir elstu leikskólabörnin er töluverður kostnaðarauki f. borgina og spurning hvort það sé vilji til að forgangsraða fjármunum í þessa þágu til framtíðar.

Tillögur starfshóps sem skipaður var vegna þjónustu

við leikskólabörn sem eru að hefja grunnskólagöngu

1. Að börn sem hefja skólagöngu að hausti byrji frístundastarf í upphafi sumars- í júní. Þá verði boðið upp á „putalinganámskeið“ fyrir þennan aldurshóp. Gera þarf ráð fyrir að hver starfsmaður beri ábyrgð á 8 börnum í einu. Hér þarf að hafa í huga niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar þar sem gjaldið fyrir þjónustuna þekur aðeins brot af kostnaði. Gera þarf ráð fyrir að leikskólastarfsmaður/menn fylgi börnunum fyrstu vikuna í aðlögun. Þarf að skoða kostnað við að fylla leikskólann í júní.
2. Að börn hefji frístundastarf strax að loknu sumarleyfi (ein til tvær vikur fer eftir opnunartíma leikskóla) Sömu forsendur og í lið 1 að undanskilinni aðkomu leikskólastarfsmanna. Þarf að skoða kostnað við að fylla leikskólann strax að loknu sumarleyfi.
3. Að leikskóli og frístund starfi saman tvær vikur eftir opnun leikskóla í ágúst. Barnið hefur sitt leikskólapláss en fær viðkynningu af frístundastarfi eftir hádegi og sömuleiðis starfi grunnskólans. Leikskólastarfsmaður/menn fylgja börnunum í gegnum daginn. Til viðbótar kemur þá starfsmaður frístundar og til dæmis 25% grunnskólakennari. Gera þarf ráð fyrir launakostnaði fyrir leikskólastarfsmann, frístundastarfsmann og grunnskólakennara. Skoða þarf greiðslur leikskólagjalda og frístundaheimilisgjaldsins og þekingu tekna.

Bréf til skrifstofustjóra fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Hildur Skarphéðinsdóttir
Soffía Pálsdóttir
Auður Árný Stefánsdóttir

Erindi: Samstarf leikskóla, frístundaheimilis og grunnskóla í Vesturbænum.

Markmið og gildi með samstarfinu er að

- Að auka þekkingu starfsfólks í leikskólum og frístundaheimilum á starfsaðferðum hvors annars
- Auka samvinnu milli starfsmanna í leikskólanum, frístund og grunnskóla.
- Veita börnunum aukið tækifæri til að kynnst frístundastarfinu áður en grunnskólaganga hefst
- Flýta fyrir innritun yngri barna í leikskólanum
- Nýta húsnæði leikskólans, frístund og grunnskólans.
- Stuðla að samvinnu milli elstu barna í Gullborg og 7 ára barna sem voru í Gullborg.

Greinargerð og lýsing á verkefninu

Í Gullborg eru 31 barn sem öll byrja í Grandaskóla í haust. Eftir sumarlokun leikskólans koma 20 börn aftur í leikskólann þangað til að grunnskólinn byrjar. Á vorönn hefjast heimsóknir þessara barna yfir í frístundaheimilið Undraland til að kynnst skólanum og frístundaheimilinu. Starfsmönnum frá frístundaheimilinu verður einnig boðið að kynna sér starfsemi leikskólans á vorönn og það starf sem leikskólinn hefur unnið með elstu börn í ár.

Mikill vilji er hjá starfsmönnum, foreldrum og börnum, hér í Gullborg að leggja lokahönd á mjög svo gott samstarf sem hefur verið í vetur milli þessara aðila með því að nýta húsnæði í Grandaskóla enn þá betur í skemmtilegt og skapandi starf síðustu dagana áður en að grunnskólinn byrjar. Börnin verða áfram skráð í leikskólann og borða allar sínar máltíðir þar. En fara svo yfir í frístund og taka þátt í því samstarfi sem boðið er upp á utan dyra sem innan (dyra). Starfið verður að stórum hluta byggt upp á útiveru og vettvangsferðum. Þannig renna saman fyrstu vikurnar í grunnskólanum og síðustu í leikskólanum. Aðlögunin er því mýkri þegar að skólinn hefst að hausti. Foreldrum yrði kynnt þetta samstarf að vori.

Tímasetning á samstarfinu

6. ágúst til 21. ágúst.

Ábyrgðarmenn

Rannveig J B, leikskólastjóri Gullborg
Guðrún Kaldal, forstöðumaður Frostaskjól
Örn Halldórsson, skólastjóri Grandaskóla

Starfsmenn sem munu sjá um samstarfið

Olga S Olgeirsdóttir verkefnastjóri í Gullborg
Halldóra D Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri í Gullborg
Starfsmaður frá frístundarheimilinu Undraland

Kostnaður

Sótt er um launakostnað fyrir starfsmann sem væri þá vistaður í frístundaheimilinu til að sinna þessum hóp af börnum ásamt leikskólakennaranum þessar síðustu tvær vikur og skapa tengsl milli stofnanna og flæði.

Laun	216.677
Launatengd gjöld	52.002
Annar kostnaður	31.321

Alls: 300.000

Virðingafyllst

Guðrún Kaldal forstöðumaður Frostaskjól
Rannveig J Bjarnadóttir leikskólastjóri
Örn Halldórsson skólastjóri

Fylgiskjal 5 - Kostnaðarmat úr fyrri útgáfu skýrslunnar

Kostnaðarmat vegna 1. sviðsmyndar

Meðalvistunartími leikskólabarns 2015	8,27
Meðalkostnaður við elstu börn í leikskóla á mánuði	133.856*
Meðalkostnaður við yngstu börn í grunnskóla á mánuði	50.417**
Meðalkostnaður við yngstu börn á leikskóla (2 ára)	194.838***
Meðalkostnaður á frístundaheimili fyrir hálfa dag per. mán	49.113

Leikskólabörn fædd árið 2009 - elstu börn	
Börn fædd janúar-jún	720
Börn fædd júlí - des	737
	1457

Leikskólabörn fædd árið 2012 - yngstu börn	
Börn fædd janúar-jún	618
(c.a. 150 börn koma á mán í leikskóla. Gert er ráð fyrir 350 börnum á mán þessa 6 mánuði)	
Börn fædd júlí - des	778
	1396

Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í jan-júní sem fara í grunnskóla í janúar	-578.257.920
Viðbótarkostnaður á leikskóla vegna yngstu barna sem koma inn í staðinn	722.459.304
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra frá jan-júní sem fara í grunnskóla í janúar	217.800.000
Frístundakostnaður sem verður til vegna barna fæddra frá jan – júní sem fara á frístundaheimili	212.168.160
Nettó kostnaður	260.870.040

- Enginn aukakostnaður eða hagræði verður fyrir börnin fædd frá júlí til des þar sem þau ættu hvort sem er að byrja í grunnskóla í ágúst.
- Reiknað er út frá brúttó kostnaði þ.e. gjöld fyrir þjónustuna eru ekki inn í útreikningunum.

* Meðalkostnaður reiknaður út frá 11 mánuðum.

** Meðalkostnaður reiknaður út frá 12 mánuðum.

***Brúttó kostnaður

Kostnaðarmat vegna 2. sviðsmyndar

Meðalvistunartími leikskólabarns 2015	8,27
Meðalkostnaður við elstu börn í leikskóla á mánuði	133.856*
Meðalkostnaður við yngstu börn í grunnskóla á mánuði	50.417**
Meðalkostnaður við yngstu börn á leikskóla (2 ára)	194.838

Leikskólabörn fædd árið 2009	Fjöldi
Janúar	118
Febrúar	114
Mars	116
Apríl	120
Maí	132
Júní	120
Júlí	121
Ágúst	126
September	123
Október	134
Nóvember	100
Desember	133
Alls	1457

Leikskólabörn fædd árið 2012 - yngstu börn	Fjöldi
Janúar	96
Febrúar	105
Mars	98
Apríl	105
Maí	106
Júní	108
Júlí	128
Ágúst	153
September	131
Október	133
Nóvember	121
Desember	112
Alls	1396

*Meðalkostnaður reiknaður út frá 11 mánuðum

**Meðalkostnaður reiknaður út frá 12 mánuðum

Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í janúar sem fara í grunnskóla	-15.795.008
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	18.704.448
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í janúar sem fara í grunnskóla	5.949.167
Frístundakostnaður	5.795.334
Nettó Kostnaður Janúar	14.653.941
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í febrúar sem fara í grunnskóla	-15.259.584
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	20.457.990
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í febrúar sem fara í grunnskóla	5.747.500
Frístundakostnaður	5.598.882
Nettó kostnaður Febrúar	16.544.788
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í mars sem fara í grunnskóla	-15.527.296
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	19.094.124
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í mars sem fara í grunnskóla	5.848.333
Frístundakostnaður	5.697.108
Nettó kostnaður Mars	15.112.269
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í apríl sem fara í grunnskóla	-16.062.720
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	20.457.990
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í apríl sem fara í grunnskóla	6.050.000

Frístundakostnaður	5.893.560
Nettó kostnaður í Apríl	16.338.830
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í maí sem fara í grunnskóla	-17.668.992
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	20.652.828
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í maí sem fara í grunnskóla	6.655.000
Frístundakostnaður	6.482.916
Nettó kostnaður í Maí	16.121.752
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í júní sem fara í grunnskóla	-16.062.720
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	21.042.504
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í júní sem fara í grunnskóla	6.050.000
Frístundakostnaður	5.893.560
Nettó kostnaður í Júní	16.923.344
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í júlí sem fara í grunnskóla	-16.196.576
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	24.939.264
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í júlí sem fara í grunnskóla	6.100.417
Frístundakostnaður	5.942.673
Nettó kostnaður í Júlí	20.785.778
Leikskólakostnaður sem sparast vegna barna fæddra í ágúst sem fara í grunnskóla	-16.865.856
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	29.810.214
Grunnskólakostnaður sem verður til vegna barna fæddra í ágúst sem fara í grunnskóla	6.352.500
Frístundakostnaður	6.188.238
Nettó kostnaður í Ágúst	25.485.096
Leikskólakostnaður sem eykst vegna barna fæddra í sept sem fara í grunnskóla	17.535.136
Tveggja ára börn tekin síðar inn	-23.965.074
Grunnskólakostnaður sem sparast til vegna barna fæddra í sept sem fara í grunnskóla	-6.201.250
Frístundakostnaður	-6.040.899
Nettó kostnaður í September	-18.672.087
Leikskólakostnaður sem eykst vegna barna fæddra í okt sem fara í grunnskóla	17.802.848
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	-26.108.292
Grunnskólakostnaður sem sparast til vegna barna fæddra í okt sem fara í grunnskóla	-6.755.833
Frístundakostnaður	-736.695
Nettó kostnaður í Október	-15.797.972
Leikskólakostnaður sem eykst vegna barna fæddra í nóv sem fara í grunnskóla	16.196.576
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	-19.483.800
Grunnskólakostnaður sem sparast til vegna barna fæddra í nóv sem fara í grunnskóla	-5.041.667
Frístundakostnaður	-4.911.300
Nettó kostnaður í Nóvember	-13.240.191
Leikskólakostnaður sem eykst vegna barna fæddra í des sem fara í grunnskóla	17.802.848
Viðbótarkostnaður við að taka inn önnur börn í leikskólann	-21.821.856
Grunnskólakostnaður sem sparast til vegna barna fæddra í des sem fara í grunnskóla	-6.705.417

Frístundakostnaður	-6.532.029
Nettó kostnaður í Desember	-17.256.454
Samtals kostnaður	76.999.094

Kostnaðarmat vegna 3. sviðsmyndar

Meðalvistunartími leikskólabarns 2015	8,27
Meðalkostnaður við elstu börn í leikskóla á mánuði	133.856
Meðalkostnaður við yngstu börn í grunnskóla á mánuði	50.417
Meðalkostnaður við leikskólabarn	194.838

Leikskólabörn fædd árið 2009 - elstu börn		50%
Börn fædd janúar-jún (A flokkur)	720	360
Börn fædd júlí - des (B flokkur)	737	369
1457		

Leikskólabörn fædd árið 2012 - yngstu börn		
Börn fædd janúar-jún (A flokkur)	618	309
Börn fædd júlí - des (B flokkur)	778	389
1396		

Leikskólakostnaður sem sparast (11 mánuðir)	-530.069.760	Helmingur af börnum fædd janúar-júní byrja í grunnskóla í ágúst 2014 (árið á undan)
Viðbótarkostnaður á leikskóla vegna nýrra barna sem koma inn í staðinn	662.254.362	Helmingur af yngstu börnum fædd jan-jún færu inn í leikskóla
Grunnskólakostnaður sem verður til	217.800.000	Helmingur af börnum fædd janúar-júní byrja í grunnskóla í ágúst 2014 (árið á undan)
Frístundakostnaður	194.800.000	
Nettó kostnaður	544.472.082	
Leikskólakostnaður sem eykst (11 mánuðir)	542.585.296	Helmingur af börnum fædd júlí-des byrja í grunnskóla í ágúst 2016 (árið á eftir)
Grunnskólakostnaður sem sparast	-204.363.958	Helmingur af börnum fædd júlí-des byrja í grunnskóla í ágúst 2016 (árið á eftir)
Frístundakostnaður sem sparast	199.141.792	
Nettó kostnaður	139.141.792	
Samtals kostnaður	683.613.874	

Kostnaðarmat vegna 6. Sviðsmyndar

Miðað við að börn byrji á frístundaheimilum í júní:

Dæmi 1 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	- 432.251.024	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	317.191.399	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Öll yngstu börnin koma inn í leikskóla	726.528.295	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Mismunur	611.468.670		*Viðbótarkostnaður í tvo mánuði

Dæmi 2 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Öll elstu börnin fara á frístundaheimili	- 432.251.024	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	317.191.399	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Helmingur af yngstu börnunum koma inn í leikskóla	363.264.147	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Mismunur	248.204.522		*Viðbótarkostnaður í tvo mánuði

Dæmi 3 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Helmingur af elstu börnunum fara á frístundaheimili	- 216.125.512	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Helmingur af elstu börnunum fara á frístundaheimili	158.595.700	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Helmingur af yngstu börnunum koma inn í leikskóla	363.264.147	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir tveimur mánuðum frá 1.júní til 1. sept (1 mánuður í sumarfrí)
Mismunur	305.734.335		*Viðbótarkostnaður í tvo mánuði

Miðað við að börn byrji á frístundaheimilum í ágúst að loknu sumarleyfi:

Dæmi 1 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	- 149.602.339	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept

Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	109.780.134	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Öll yngstu börnin koma inn í leikskóla	251.451.879	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Mismunur	211.629.673		*Viðbótarkostnaður í 15 daga

Dæmi 2 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Öll elstu börnin fara á frístundaheimili	- 149.602.339	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Öll elstu börnin á leikskóla fara á frístundaheimili	109.780.134	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Helmingur af yngstu börnunum koma inn í leikskóla	125.725.939	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Mismunur	85.903.734		*Viðbótarkostnaður í 15 daga

Dæmi 3 (Gert ráð fyrir 90% hlutfalli fari á frístundaheimili)

Texti	Fjárhæð	Skýring	Ath
Helmingur af elstu börnunum fara á frístundaheimili	-74.801.169	Kostnaður elstu barna í leikskóla sem dettur út	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Helmingur af elstu börnunum fara á frístundaheimili	54.890.067	Kostnaður elstu barna á leikskóla í frístundstarfi	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Helmingur af yngstu börnunum koma inn í leikskóla	125.725.939	Kostnaður yngstu barna (12 mánaða í leikskóla)	* Gert ráð fyrir 15 dögum frá 15.ágúst til 1.sept
Mismunur	105.814.837		*Viðbótarkostnaður í 15 daga